

80. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar mánudaginn 9. nóvember 2009, kl. 17:00.

Formaður bæjarráðs, Kári Kárason setti fundinn. Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

- 1. Endurskoðun fjárhagsáætlunar 2009**
 - 2. Fundargerðir:**
 - a) Stjórnar SSNV frá 27. október 2009**
 - 3. Bréf frá Samgönguráðuneytinu frá 26. október 2009**
 - 4. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 23. október 2009**
 - 5. Bréf frá Veiðifélagi Laxár á Ásum frá 28. október 2009**
 - 6. Bréf frá Kvennaathvarfi frá október 2009**
 - 7. Húsnæðismál**
 - 8. Önnur mál**
-

Afgreiðslur:

1. Endurskoðun fjárhagsáætlunar 2009

3 fulltrúar sundlaugarnefndar mættu á fundinn og gerðu grein fyrir stöðu og framvindu sundlaugarframkvæmdar.

Fjármálastjóri mætti á fundinn og kynnti niðurstöður endurskoðunar fjárhagsáætlunar 2009.

Bæjarráð vísar endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2009 til afgreiðslu bæjarstjórnar.

Fjármálastjóri lagði fram drög að vinnuferli við gerð fjárhagsáætlunar 2010.

Bæjarráð samþykkir vinnuferlið.

2. Fundargerðir:

a) Stjórnar SSNV frá 27. október 2009

Lögð fram til kynningar

3. Bréf frá Samgönguráðuneytinu frá 26. október 2009

Samgöngu- og sveitastjórnarráðherra hefur samþykkt tillögu ráðgjafarnefndar að áætlun um úthlutun tekjujöfnunarframlags til sveitarfélaga á árinu 2009. Jafnframt hefur ráðherrann gefið út reglur um ráðstöfun 1.000 m.kr. aukaframlags til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaganna á árinu 2009. Allnokkrar breytingar hafa verið gerðar á reglunum frá fyrra ári en framlaginu í ár er ætlað að bæta rekstrarstöðu sveitarfélaganna á árinu.

Lagt fram til kynningar.

4. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 23. október 2009

Sameiginleg hvatning Kennarasambands Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga til skóla og sveitarfélaga um hagnýtingu nýlegra rannsóknarniðurstaðna í skólastarfi.

Lagt fram til kynningar.

5. Bréf frá Veiðifélagi Laxár á Ásum frá 28. október 2009

Fundur verður í veiðifélagi Laxár á Ásum sunnudaginn 15. nóvember n.k. í fundarsal Samstöðu að Þverbraut 1, Blönduósi.

Bæjarráð tilnefnir Jón Aðalstein til að mæta á fundinn.

6. Bréf frá Kvænnaathvarfi frá október 200

Þess er farið á leit að Kvænnaathvarfinu verði veittur rekstrarstyrkur fyrir komandi starfsár.

Bæjarráð hafnar erindinu

7. Húsnæðismál

Bæjarstjóri kynnti stöðu húsnæðismála á Blönduósi. Umræður urðu um málið.

8. Önnur mál

a) Námsvist utan lögheimilissveitarfélags

Fært í trúnaðarbók

b) Úrskurður Kærunefndar útboðsmála

Niðurstaða Kærunefndar útboðsmála liggur fyrir í máli nr. 23/2009: Krákur ehf. gegn Blönduósbæ. Úrskurðarorð hljóðar svo: „Kröfum kæranda, Kráks ehf. vegna útboðs á 2. áfanga byggingar sundlaugar kærða, Blönduósbæjar, er vísað frá kærunefnd útboðsmála.“

Úrskurðurinn lagður fram til kynningar.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið 20:15

Kári Kárason(sign.)
Valdimar Guðmannsson (sign.)
Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson(sign.)

Arnar Þór Sævarsson(sign.)